


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Framkvæmdir og vinnuvernd FRVV1SR03 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Kristján Davíðsson	Sk.st.	KRD
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um bygginga- og mannvirkjagerð með áherslu á reglugerðir, verkferli og öryggismál. Nemandinn lærir um undirbúning og upphaf framkvæmda, hlutverk og ábyrgð einstakra fagstétta, skipulag og stjórnun á vinnustað, samstarf og samskipti, áætlanagerð og gæðastýringakerfi. Kennd er notkun hlífðarbúnaðar, meðferð hættulegra efna og farið yfir notkun hjálpartækja og búnaðar við mismunandi verk. Nemandinn fær kynningu á grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar og lærir um öryggismál á vinnustað. Einnig er nemandanum gerð grein fyrir námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi.

Áfangamarkmið:

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:


- grundvallaratriðum hollustuhátta og vinnuverndar og öryggismálum á vinnustað
- gerð og notkun algengasta hjálparbúnaðar í byggingariðnaði
- varúðarráðstöfunum í óloknum byggingum og mannvirkjum
- hefðbundnu byggingaferli frá hugmynd til lokaúttektar
- grundvallaratriðum laga og reglugerða um skipulags- og byggingarmál
- stíll og fagurfræði bygginga og mannvirkja
- grunnatriðum gæðastjórnunar og verkskipulags
- réttindum og skyldum iðnaðarmanna
- námsleiðum í bygginga- og mannvirkjagreinum á framhalds- og háskólastigi

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota rétta líkamsbeitingu og viðeigandi hlífðarbúnað í starfi
- velja og nota viðeigandi hjálparbúnað
- leita upplýsinga í reglugerðum um skipulags- og byggingarmál
- leita upplýsinga í reglugerðum um öryggi og vinnuvernd
- vinna eftir mismunandi verkferlum

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- fylgja reglum um öryggismál á vinnustað
- vera meðvitaður um eigin ábyrgð og skyldur
- vinna samkvæmt byggingareglugerð
- fylgja gæðastýringu/eftirliti
- nota viðeigandi hlífðarbúnað
- velja sér námsleið að loknu grunnnámi

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Framkvæmdir og vinnuvernd FRVV1SR03 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	
34	Kynning námsefnis	
35 - 40	Mannvirkjagerð	
40	Miðannarpróf úr fyrri hluta námsefnis	
41 - 44	Vinnuvernd. Byggingavinnustaðir og öryggismál	
45 - 46	Gæðastjórnun	
46	Tímapróf úr síðari hluta námsefnis	
47 - 48	Námsleiðir að loknu grunnnámi	
48 - 49	Upprifjun	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Bækur	Framkvæmdir og vinnuvernd eftir Eyjólf Bjarnason, IÐNÚ 2004 Vinnuvernd eftir Eyþór Víðisson, IÐNÚ 2014
Myndbönd	Tengd námsefni – vinnuvernd, húsgerð o.fl.
Verkefni	Verkefni tengd húsagerð, skipulagi og öryggismálum á byggingasvæðum
Annað	Leiðbeiningar fyrir húsbyggjendur á Akureyri Gestafyrirlestrar um eldvarnir og vinnuvernd

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Lokapróf	60%
Verklegt	Verkefnavinna – tvö verkefni	10%
Skyndipróf	Miðannarpróf úr fyrri hluta námsefnis	15%
	Tímapróf úr síðari hluta námsefnis	15%

Námsmat byggist á verkefnavinnu, kaflaprófum og lokaprófi.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils